

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Á fyrri fundi í júní 1984 og 1985 verða nefndir kosnar samkv. eldri samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar, þar sem það á við, en að afloknum sveitarstjórnarkosningum 1986, verður alfarið kosið eftir hinni nýju samþykkt. Á fyrri fundi í júní 1984, skal kjósa í íþróttaráð og tómstundaráð til loka kjörtímabilsins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar nr. 112 8. maí 1972.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1984.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní og til þess tíma er væntanlegt hráefnisverð verður látið gilda.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní og til þess tíma er væntanlegt hráefnisverð verður látið gilda.

	U.S. \$ pr. lbs cif.
Lausfrystur hörpudiskur .....	3,40
Blokkfrystur hörpudiskur .....	3,20
Rauður hörpudiskur .....	1,90

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1984.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Kristín Magnúsdóttir.*